

Dags eftirlits	16.8.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Arctic Sea Farm hf	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Aðalstræti 20	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	700807-0450	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Steinunn Guðný Einarsdóttir	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Ísak Óskarsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit en þrjár ábendingar voru settar fram er varða tilkynningu á útsetningu seiða, misræmi í skráningu á milli Græns bókhalds og ársskýrslu og að áfram skuli lögð áhersla á hreinsun svæðisins við Sandodda.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Um er að ræða fiskeldisstöð Arctic Sea Farm, Patreks- og Tálknafirði. Fiskeldisstöðin er kvíaeldisstöð með leyfi fyrir kynslóðaskiptu eldi á laxi í sjókvíum á tveimur eldissvæðum, Kvígindisdal, Patreksfirði og Hvannadal, Tálknafirði. Heimt er að ala allt að 7.800t lífmassa í stöðinni á hverjum tíma.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti, frávik og ábendingar
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Umfang, starfssvæði og breytingar á rekstri
- Áætlanir og trygging vegna bráðamengunar hafs og stranda
- Meðhöndlun úrgangs og mengandi efna
- Skráningar og vöktunarmælingar
- Viðbragðsáætlun vegna rekstrarstöðvunar - kynning
- Stjórnvaldssektir - kynning
- Önnur mál
- Skoðunarferð

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Engin frávik komu fram í síðasta eftirliti, árið 2021 en fimm ábendingar voru settar fram. Brugðist hefur verið við þeim öllum og tilkynningar vegna þeirra tiltekna í skýrslu ársins 2021. Unnið hefur verið eftir samþykktri úrbótaáætlun vegna tveggja frávíka frá fyrri árum.

1. Frávik skráð árið 2019: Umgengni við Sandodda, þar sem samsetning kvía fer fram, var ábótavant. Eftirlitsaðili fór ásamt rekstraraðila inn á vinnusvæði verktaka sem vinnur að samsetningu fiskeldiskvía fyrir eldisfyrirtækin á svæðinu, sem staðsett er á gömlu flugbrautinni við Sandodda, Patreksfirði. Svæðið var skoðað og aðstaða verktaka könnuð. Enn má sjá plastsvarf í þúfum og börðum í kringum svæðið og einnig í sandfjörrunni sem liggur að flugvellingum. Hins vegar hefur aðstaðan verið stórbætt og fer nú öll sögun á plasti fram innandyra og reynt er eftir fremsta megni að hindra að svarf komist út í umhverfið. Áfram verður unnið að hreinsun á svæðinu skv. hreinsunaráætlun. Rekstraraðili ætlar að koma því á framfæri við verktaka að brautin verði sópuð vandlega að vinnu sumarsins lokinni og gengið frá svæðinu þannig að ekki sé hætt á foki né útbreiðslu rusls frá svæðinu. Frávikinu telst því lokið.

2. Frávik skráð 2020: Rekstraraðili notaðist við kvíar sem innihéldu koparásætuvarnir en heimild fyrir því var ekki í starfsleyfi. Skv. samþykktri úrbótaáætlun sótti rekstraraðili um breytingu á starfsleyfi varðandi heimild til notkunar koparnóta, en skyldi fram að þeim tíma fjarlægja allar koparnætur úr sjó. Tilkynning kom frá rekstraraðila þann 29. mars sl. að allar koparnætur hefðu verið fjarlægðar úr sjó. Gefið var út nýtt starfsleyfi þann 14. júlí sl. þar sem skv. gr. 3.4 er heimild til notkunar eldisnóta sem litaðar eru með ásætuvarnum sem innihalda koparoxíð. Frávikinu telst því lokið.

Áhættumat 2022 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi

stöðu að eftirliti loknu. Breyting á tíðni eftirlits er gerð á milli ára, farið er úr eftirlitsflokk B sem gerir ráð fyrir vettvangsheimsókn árlega niður í eftirlitsflokk C sem gerir ráð fyrir vettvangsheimsókn annað hvert ár. Enginn fiskur hefur verið í Hvannadal frá því í mars sl. og verður svæðið í hvíld þar til um miðjan september. Tilkynning um fyrirhugaða útsetningu seiða þann 14. september barst eftirlitsaðila með tölvupósti þann 26. ágúst sl. og gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir þar um en bendir á að fylgjast þurfi vel með ástandi botnsins og þá sérstaklega á þeim svæðum sem lífrænt álag hefur mælst meira skv. sýnatökuskýrslu frá sept. 2021. Svæðið í heild fær einkunnina 1 „Mjög gott“ en þær stöðvar sem fá hærri einkunn innan svæðisins, þarf að vakta nánar, t.d. með aukasýnatökum eða myndatökum af botni.

Fiskur var settur í Kvígindisdal í september 2021 og barst stofnuninni tilkynning um útsetningu seiða þann 27. ágúst 2021. Minnt er á að tilkynna þarf útsetningu að lágmarki með tveggja vikna fyrirvara skv. gr. 3.2 í starfsleyfi. Lífmassi á svæðinu var um 1.300t þegar eftirlitið fór fram. Gerð var hvíldarsýnataka í sept. 2021 og kemur fram í vöktunarskýrslu að svæðið fái 1 í einkunn (Mjög gott) og að lífrænt álag á nærsvæði kvía sé fremur lítið eftir 5 mánaða hvíld.

Allar áætlanir eru vistaðar í EQS gæðakerfi rekstraraðila og eru aðgengilegar starfsmönnum þar. Minnt er á að uppfæra þarf áætlanirnar m.t.t. breytinga á starfsmönnum og símanúmerum ef við á.

Fóðurgjöf er sjálfvirk og myndavélakerfi í kvíum sem tengist stjórnstöð á Þingeyri, þar sem vaktmenn fylgjast með öllum kvíum Arctic Sea Farm.

Allur dauðfiskur er háfaður upp daglega úr kvíum og settur í meltugeymi sem staðsettur er á fóðurprammanum. Geymirinn er síðan tæmdur yfir í dæluskip sem flytur meltuna til Noregs. Samningur er við Arctic Protein um móttöku meltunnar. Árið 2021 var magn dauðfisks skráð alls 3,3t. Allur annar úrgangur fer til móttökustöðvar Kubbs. Engin lyfjanotkun er skráð á árinu og engin mengandi efni hafa verið notuð utan maurasýru og olíu á skip og tæki.

Útreiknuð losun fosfórs er innan marka ákvæðis í gr. 3.4 í starfsleyfi sem er 9,0 kg/framleitt tonn. Hins vegar var skráning ekki rétt í ársskýrslu og rekstraraðila bent á að reikna þarf heildarlosun fosfórs, ekki einungis fosfórs í föstu formi. Einnig var að finna misræmi í skráningu á framleiðslumagni á milli Græns bókhalds og ársskýrslu. Rekstraraðila er bent á að gæta samræmis og að réttar upplýsingar komi fram í báðum skýrslunum. Ábending er gerð þar um. Umhverfisupplýsingum skv. gr. 4.3 í starfsleyfi var skilað innan tímamarka. Allar skráningar fara fram í rafrænum gagnagrunni og ekki eru gerðar athugasemdir þar um. Árið 2021 fóru fram 3 sýnatökur á svæðinu, á vegum Akvaplan Niva. Hvíldarsýnatökur í Hvannadal og aukasýnataka við 75% lífmassa í Kvígindisdal. Sýnatökuskýrslurnar eru birtar á heimasvæði rekstraraðila á www.ust.is.

Siglt var út að kvíum í Kvígindisdal og staðsetning þeirra könnuð. 10 kvíar voru á staðnum. Vinna stóð yfir við útskiptingu nótapoka og settir voru pokar með koparásætuvörnum sem heimilað er skv. gr. 3.4 í núgildandi starfsleyfi. Sjótækni ehf. þjónustar kvíarnar fyrir rekstraraðila.

Einnig var keyrt yfir á flugvöllinn við Sandodda og aðstaða verktaka sem vinna við kvísamsetningar skoðuð.

ÁBENDINGAR

Ábending er sett fram er varðar tilkynningar á útsetningu seiða en minnt er á að tilkynna þarf Umhverfisstofnun útsetningu með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara skv. gr. 3.2 í starfsleyfi. Einnig er minnt á að upplýsingar um vöktun eldissvæða þurfa að liggja fyrir áður en stofnunin heimilar útsetninguna, en stofnunin getur einhliða frestað útsetningu að hvíldartíma loknum, bendi niðurstöður vöktunar til þess að umhverfisaðstæður séu óhagstæðar eða ef vöktunarskýrsla liggur ekki fyrir.

Ábending er sett fram um að útreikningur fosfórs var ranglega skráður í ársskýrslu, Skráð voru gildi fyrir Dýrafjörð og heildarútreikning fosfórs vantaði. Einnig voru framleiðslutölur ekki þær sömu í ársskýrslu og í Grænu bókhaldi.

Ábending er einnig sett fram um að áfram þurfi að huga vel að hreinsun svæðisins við Sandodda og er öll vinna verktaka fyrir rekstraraðila, á hans ábrygð og þar með hreinsun að vinnu lokinni.

ANNAÐ

Viðstaddur eftirlitið var einnig Elvar Víkingsson stöðvarstjóri Arctic Sea Farm, Arnarfirði.

Sniðmát áætlunar vegna rekstrarstöðvunar fylgdi fundarboðinu og er rekstraraðili beðinn um að hafa það til hliðsjónar við næstu uppfærslu áætlunarinnar. Einnig var kynning um stjórnvaldssektir send með


fundarboðinu og rekstraraðili beðinn um að kynna sér hana.

Engar kvartanir hafa borist, hvorki rekstraraðila né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti og engin mengunaróhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 29.09.2022



Guðbjörg Stella Árnadóttir